

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóð Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason, sem stofnuðu Heildverslunina Heklu hf., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason, sem stofnuðu heildverslunina Heklu hf.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjóður Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason. Stofnandi sjóðsins er Hekla hf.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3 000 000. — þrjár milljónir króna — og skal það mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstóllinn skal hækka um fjárhæðir sem síðar kunna að berast sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að stuðla að aukinni verkmenntun starfsmanna Heklu hf.
2. Að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, m. a. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar.
3. Að hlúa að menningarstarfsemi og listiðkun.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Heklu hf. Reikningar sjóðsins skulu birtir með ársskýrslu Heklu hf.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er lagt fram sem innistæða í Búnaðarbanka Íslands og er ávaxtað þar með bestu kjörum, sem bankinn býður. Raunvaxtatekjum sjóðsins skal varið til styrkveitinga.

6. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.

Stjórnin getur ákveðið, að auglýsa eftir umsóknum til einstakra verkefna. Þó skal úthlutað skv. 3. gr. 1. lið ekki sjaldnar en annað hvert ár.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum.

Aðalfundur Heklu hf. kys fjóra til 2 ára.

Á fyrsta aðalfundi Heklu hf. eftir stofnun sjóðsins skulu tveir þeirra kosnir til eins árs. Stjórn Heklu hf. skipar einn til eins árs í stjórnina og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnarmenn má endurkjósa og endurskipa.

Sjóðsstjórnin skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

8. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Stjórnin setur sér starfsreglur.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Heklu hf.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni sbr. 10. gr.